

Samgöngustefna hjúkrunarheimilisins Sóltúns

Hjúkrunarheimilið Sóltún leggur áherslu á að almennt sé bílaumferð haldið í lágmarki vegna öryggis og til að draga úr hvers konar mengun, þar með talið loft-og hávaðamengun og gróðurhúsaáhrifum.

1. Hjúkrunarheimilið Sóltún hefur öryggi íbúa sinna í forgrunni.

Mikilvægt er að fólksflutningar með sjúklinga (þar með talið neyðarflutningar) að aðalinngangi hjúkrunarheimilisins sem og koma aðfanga og brottflutningur úrgangs gangi greiðlega fyrir sig.


Markmið og leiðir að settu marki :

- Aðkoma og akstursleið sé greiðfær
 - Hjúkrunarheimilið sé vel merkt
 - Eftirlit er með að akstursleið sé greiðfær. Ökutækjum sé ekki lagt þannig að þau hindri aðkomu
 - Snjómokstur sé eftir þörfum
 - Rusl hreinsað reglulega af lóð
- Götulýsing sé góð
 - Eftirlit með götulýsingu og að peruskipti fari fram eftir þörfum

2. Hjúkrunarheimilið Sóltún hefur lífsgæði íbúa sinna í hávegum. Útivist er lífsbætandi og mikið stunduð af íbúum með starfsfólki. Lögð er áhersla á að ættingjar og vinir íbúa komist án hindrana að heimsækja þá á heimili þeirra.

Markmið og leiðir að settu marki :

- Útivist er markviss hjúkrunarmeðferð og þjálfun hjá íbúum hjúkrunarheimilisins. Fjölmargar rannsóknir sýna meðferðargildi útivistar við að draga úr þunglyndi og kvíða, bægra frá verkjaupplifun og örva skynjun, súrefnisinntöku og efla þrótt, styrk og bæta lífsgæði. Starfsfólk er því töluvert á ferli úti við með íbúum sem nota hjólastóla eða ýmis hjálpartæki.




- Starfsfólk er hvatt til að leggja bílum sínum sem fjarst aðalinngangi að hjúkrunarheimilinu. Þannig geta heimsóknargestir og ættingjar íbúa sem oft eru eldri borgarar eða ungt fólk með lítil börn lagt sem næst inngangi
- Ættingjar og vinir eru hvattir til reglubundinna heimsókna og viðveru í daglegu lífi íbúa og þarf af leiðandi er ekki talið álitlegt að hafa bílastæðagjöld sem hugnanlega gætu dregið úr heimsóknum
- Eftirlit er haft með ökutækjum sem lagt er í heimildarleysi á bílastæðum hjúkrunarheimilisins. Eru þau tilkynnt og fjarlægð ef eigandi gerir það ekki sjálfur

3. Hjúkrunarheimilið Sóltún leggur áherslu á gildi hreyfingar fyrir starfsfólk sitt og greiðar og umhverfsvænar samgöngur til og frá vinnu. Í því skyni hvetur Sóltún starfsfólk til að ganga, hjóla og/eða nota almenningsfarartæki þegar því verður við komið á leið sinni til og frá vinnu.

Markmið og leiðir að settu marki:

- Starfsfólk Sóltúns tekur þátt í vinnustaðakeppnum s.s.
 - Lífshlaupinu
 - Hjólað í vinnuna
- Starfsfólk hefur búningsaðstöðu þar sem hægt er að fara í sturtu og hafa fataskipti
- Boðið er upp á reglubundna fræðslufundi um gildi:
 - Hreyfingar
 - Útivistar
 - Vistvænna ferðamáta s.s. hjólreiðar
 - Samfélagslegrar ábyrgðar til að draga úr hvers kyns mengun
 - Öryggis í umferðinni þ.m.t notkun öryggisbúnaðar s.s. hjálma, mannbrodna, ljósabúnaðar, bjöllu og lása
- Starfsfólk sem að jafnaði gengur/hjólar til vinnu, getur valið að nýta árlega styrk til heilsuræktar sem samgöngustyrk, til að styrkja vistvænan ferðamáta sinn
- Hjólasterði eru til staðar fyrir starfsfólk og gesti við aðalinngang og starfsmannainngang



- Starfsfólk er hvatt til að samnýta ferðir til og frá vinnu og vegna vinnutengdra erinda
- Starfsfólk Sóltúns getur samnýtt vinnutengdar ferðir með því að nota 12 manna bíl Sóltún til ferðarinnar
- Sóltún notar vaktaáætlunarkerfið Time-Care sem gerir ráð fyrir að fólk mæti til vinnu á fjölbreytilegum tíma sólarhringsins eftir þörfum íbúa hjúkrunarheimilisins fyrir aðstoð, þannig að það eru ekki allir sem mæta á sama tíma
- Stefnt er að því að útbúa til viðbótar yfirbyggt hjólaskýli við starfsmannainngang
- Strætisvagnastöð er við húsvegg Sóltúns Nóatúnsmegin og aðrar í næsta nágrenni
- Unnið verður að viðhorfsbreytingu meðal hins opinbera að reiknað sé með samgöngustyrkjum í daggjaldsgrunn hjúkrunarheimila (tekjulið) til að geta veitt starfsfólki samgöngustyrki svo efla megi visthæfa samgöngumáta enn frekar til hagsbóta fyrir samfélagið

4. Hjúkrunarheimilið Sóltún hefur að leiðarljósi að bæta umhverfi og mannrækt með því að hafa gönguleiðir gengum garðinn opnar fyrir gangandi vegfarendur. Sóltún hefur hlotið viðurkenningu Reykjavíkurborgar fyrir fallega og vel skipulagða lóð. Heimilið kappkostar að hirða og rækta garðinn vel til ánægjuauka fyrir íbúa sína, starfsfólk og borgarbúa.

Markmið og leiðir að marki:

- Hirða og rækta garðinn vel
 - Viðurkenndur garðyrkjumaður hefur yfirumsjón með umhirðu garðsins
- Garðbökkir til að setjast á eru til staðar meðfram göngustígum
- Lýsing meðfram göngustígum
 - Eftirlit er með lýsingu og peruskipti fara fram eftir þörfum
- Snjóbræðsla er á helstu gönguleiðum sem tengjast aðalinngangi
 - Eftirlit er með virkni snjóbræðslunnar

